



Tónskóli Guðmundar á vorönn 2013

Ótímabundin verkefni annarinnar:

1. Nemendur eiga að velja sér einn geisladisk og leggjast í rannsóknir á honum (veljið sönghæft lagasafn). Finnið tóntegundir laganna á diskinum og taktboða þeirra. Gefið kennaranum skýrslu um niðurstöðurnar.
2. Skrifðið hjá ykkur tónlistarlegar upplifanir svo sem tónleika og annað sem ykkur þykir áhugavert og ræðið það við kennarann ykkar.
3. Skrifðið lista yfir lög, tónverk eða flytjendur sem ykkur finnst áhugaverð og jafnvel skemmtileg. Sýnið kennaranum listann og ræðið opinskátt um tónlistina við hann.

1.og 2. kennsluvika: Kennarar og nemendur ýta úr vör.

Allar vikur framundan eru þemavikur þar sem, auk venjubundinna verkefna, verður lögð áhersla á þau atriði sem fram koma í þema-heitum kennsluvíknanna.

3. kennsluvika: Tónstiga- og fingraefingavika 21. – 24. janúar

Nemendur leggjast í tónstiga- og snerpuæfingar í samráði við kennara sinn með það að leiðarljósi að æfingarnar dýpka skilning og styrkleika fingranna og eru undirstöðuatriði hljóðfæraleiks.

4. kennsluvika: Tónfræðivika 28. – 31. janúar

Áhersla á tónfræði og sérstök verkefni verða send heim með nemendum til úrlausnar.

5. kennsluvika: Hljómfræðivika 4. – 7. febrúar

Farið verður í undirstöðuatriði hljómfræðinnar. Tónbil og hljómabyggingar verða til skoðunar, þó mismunandi, eftir stöðu nemenda.

Fimmtudagurinn 7. febrúar. Opið hús kl. 17 – 18:30

Nemendur hafi með sér hljóðfæri sín (að undanteknum píanónemendum).

Dagskrá:

1. Stuttur fyrirlestur um samstarf í hljómsveit.
2. Hljóðfæra kynning
3. Samspil

6. kennsluvika: Fjölskylduvikan /tónlistarhlustunarvikan 11. – 14. febrúar

Í þessari viku er foreldrum sérstaklega boðið, ef vel stendur á hjá þeim, að líta inn með börnum sínum. Foreldrar eru reyndar alltaf velkomnir. Sími skólans er 5678 150.

Nemendur koma með valið efni (gjarnan 1 lag) og hlusta á það með kennara sínum og brjóta til mergjar.

Þema næstu kennsluvíknna verða auglýst þegar nær dregur.